

### **Fréttatilkynning frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.**

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er stofnun í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Eignarhaldið er breytilegt og fer eftir íbúafjölda í sveitarfélögum á hverjum tíma. Hlutverk sambandsins er í meginatriðum að hafa umsjón með og annast ýmiskonar verkefni sem sveitarfélögin á Suðurnesjum standa sameiginlega að. Starfsemi sambandsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Á árinu 2003 seldi sambandið skuldabréf í opnu skuldabréfaútboði fyrir 500 millj. kr. Lánið er verðtryggt, greiðist á tíu árum og ber 5% fasta vexti. Láninu er ætlað að fjármagna framkvæmdir við Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem sveitarfélögin þar standa að. Samkvæmt samkomulagi þeirra við ríkissjóð mun hann greiða hlutdeild í framkvæmdum og annast sambandið fjármögnun þeirra fyrir hönd sveitarfélaganna. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánsins og sambandið sér um að innheimta hjá hverju þeirra hlutdeild í afborgun og vöxtum af láninu á hverjum gjalddaga og standa skil á þeim til skuldareigenda. Þann 30.júní 2013 námu eftirstöðvar lánsins 30,3 millj. kr. og eftirstöðvar þess voru í fullum skilum. Í samræmi við skilmála lánsins var það greitt upp þann 1. ágúst 2013.

Tekjuafgangur sambandsins á tímabilinu 1/1 – 30/6 2013 nam um 6,6 milljónum kr. og eigið fé þann 30/6 2013 nam 41,9 milljónum kr. samkvæmt árshlutareikningi. Starfsemi sambandsins var í meginatriðum í samræmi við áætlanir og greiðslur sveitarfélaganna til sambandsins vegna fjármögnunarverkefna þess voru í skilum.

Berglind Kristinsdóttir er framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.

Reykjanesbæ, 23. ágúst 2013

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

## Tekju og gjaldareikningur

	1/1-30/6 2013	1/1-30/6 2012
Rekstrartekjur .....	158.877.084	140.296.300
Rekstrargjöld .....	<u>159.268.754</u>	<u>141.561.197</u>
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir .....	-391.670	-1.264.897
Afskriftir .....	0	0
Aðrar tekjur .....	0	431.696
Fjármagnsliðir nettó .....	<u>6.985.078</u>	<u>6.407.299</u>
Tekjuafgangur ársins .....	<u><u>6.593.408</u></u>	<u><u>5.574.098</u></u>

## Efnahagsreikningur:

### Eignir:

	30.06.2013	30.06.2012
Fastafjármunir alls .....	55.597.222	62.629.730
Veltufjármunir alls .....	<u>276.113.526</u>	<u>317.553.752</u>
Eignir samtals .....	<u><u>331.710.748</u></u>	<u><u>380.183.482</u></u>

### Skuldir og eigið fé:

Eigið fé .....	41.912.417	37.663.427
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	107.296.841	123.825.544
Skammtímaskuldir .....	<u>182.501.490</u>	<u>218.694.511</u>
Skuldir alls .....	289.798.331	342.520.055
Skuldir og eigið fé alls .....	<u><u>331.710.748</u></u>	<u><u>380.183.482</u></u>

### Kennitölur:

Hagnaður (tap) fyrir afskriftir/rekstrartekjur .....	-0,2%	-0,9%
Veltufjárhlutfall .....	1,51	1,45
Eiginfjárhlutfall .....	12,6%	9,9%